


Varðar: Skeifan 13a – erindi frá byggingarfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. febrúar 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. febrúar 2024 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir tveimur frístandandi og færanlegum skiltum á lóð nr. 13A við Skeifuna.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Skeifunni 13a borgarhluta 4 Laugardal og er á skilgreindu miðsvæði M3a Skeifan.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 6. nóvember 2011 með síðari breytingum.

Umsögn

Ekkert hús er nú á lóðinni, aðeins bilastæði, en heimilt er að byggja allt að 19.700 m² bilastæðahús/skrifstofur á 8 hæðum. Sótt er um leyfi fyrir tveimur frístandandi, 6 m² færanlegum auglýsingaskiltum á lóðinni, sem núþegar hefur verið komið fyrir.

Á svæði M3a er einkum gert ráð fyrir verslun, þjónustu, skrifstofum, stofnunum og íbúðum. Léttur iðnaður er heimill en iðnaðarstarfsemi skal almennt vera víkjandi. Ekki er minnst sérstaklega á skilti í deiliskipulagi.



Skiltin og staðsetning þeirra á lóðinni

Í gildi er samþykkt um skilti í Reykjavík maí 2020 (https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samthykkt_um_skilti_mai_2020_-_endanleg_utgafa_a_vef.pdf)

Þar segir m.a.:

Markmið: 1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.

2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.

3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.

Umhverfi og ásýnd borgarinnar: Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd borgarinnar eru sett ákvæði um stærðir og fjölda þeirra í borgarlandi og á lóðum. Jafnframt er kveðið á um að skilti falli vel að umhverfinu.

Íbúar: Í reglum eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e. að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar. Íbúum skal einnig vera grenndarkynnt byggingarleyfi fyrir skilti þegar heimild er ekki til staðar í deiliskipulagi.

Staðsetning: Staðsetning skilta skal metin eftir grenndaráhrifum. Til að mynda getur skilti verið staðsett á iðnaðarsvæði en haft áhrif á íbúðarsvæði vegna ljóma, stærðar o.s.frv.

Auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu skulu almennt staðsett á mannvirkjum. Heimilt er að staðsetja skilti innan lóðar, svo framar sem þau séu í samræmi við reglur sem hér koma fram og að undangenginni leyfisveitingu. Upplýst skilti skulu ekki vera staðsett þannig að þau hafi truflandi áhrif á íbúðarbyggð.

Skipulag, útlit og hönnun: Skilti skulu ávallt vera í samræmi við gildandi skipulag. Í deiliskipulagi er heimilað að takmarka notkun skilta enn frekar eða veita rýmri heimildir en það sem reglur þessar kveða á um.

Á miðsvæðum er heimilt að setja upp fristandandi skilti (þjónustuskilti, veggspjöld) en stærð og fjöldi miðast við töflu 2 í samþykktinni.

Tafla 2. Hámarksstærðir skilta

Tegund skiltis	Landnotkunarvæði	Hámarksstærð	
Þjónustuskilti	{M1a, M1b, M1c}*	1m ²	At
	Íb*, S*, L	2m ²	E
	M*, Vb*	4m ²	H
	At, E, H, I, Íb	6m ²	I
Veggspjöld	M1a, M1b, M1c	1m ²	Íb
	Íb, S	2m ²	Íb
	M, Vb	4m ²	L
	Íb	6m ²	M1ABC
	At, E, H, I	8m ²	M
Sala/viðgerðir/ framkvæmdir innanhús	Íb, S	2m ²	S
	M1a, M1b, M1c, M, Vb	4m ²	Vb
	At, E, H, I	6m ²	Vb
Uppbygging nýbygginga, gatnaframkvæmdir	Íb, S	4m ²	
	M1a, M1b, M1c, M, Vb	6m ²	
	At, E, H, I	10m ²	
Stafræn skilti	At	Sjá landnotkun	
Sérstök skilti	-	Stærð fer eftir aðstæðum og samkomulagi við Reykjavíkurborg	

* Ef þjónustuskilti er í formi bókstafa er stærri hámarksstærð heimiluð, sjá ákvæði landnotkunarvæðis.

Ekki er heimild fyrir tveim 6 m² skiltum á lóðinni skv. gildandi samþykkt um skilti í Reykjavík. Þau eru of stór, því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, verkefnastjóri